

Auglýsing

70
9. maí

um

kosning alþingismanns fyrir Akureyrarkaupstað.

Með því að bæjarfógeti Guðlaugur Guðmundsson á Akureyri hefir lagt niður þingmensku fyrir Akureyrarkaupstað, er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18. frá 3. október 1903, um kosningar til alþingis, fyrirskipað, að aukakosning skuli fram fara laugardaginn 7. júní næstkomandi á þingmanni fyrir kaupstaðinn um yfirstandandi kjörtímabil.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningarlögnum, eru styttr þannig, að framboðsfrestur er til 2. júní næstkomandi, að þeim degi meðtöldum, og að tveimur dögum þar eftir skulu kjörseðlar fullgjörðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi kjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna.

Í stjórnarráði Íslands, 9. maí 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.